

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 145/2012****2012/EES/63/23****frá 13. júlí 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/17/ESB frá 9. mars 2011 um niðurfellingu tilskipana ráðsins 71/317/EBE, 71/347/EBE, 71/349/EBE, 74/148/EBE, 75/33/EBE, 76/765/EBE, 76/766/EBE og 86/217/EBE varðandi mælifræði <sup>(1)</sup> fellur úr gildi frá og með 1. júlí 2011 tilskipun ráðsins 71/349/EBE <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/17/ESB falla úr gildi 1. desember 2015 tilskipanir ráðsins 71/317/EBE <sup>(3)</sup>, 71/347/EBE <sup>(4)</sup>, 74/148/EBE <sup>(5)</sup>, 75/33/EBE <sup>(6)</sup>, 76/765/EBE <sup>(7)</sup>, 76/766/EBE <sup>(8)</sup> og 86/217/EBE <sup>(9)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum frá og með 1. desember 2015.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IX. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 7. liðar (tilskipun ráðsins 71/349/EBE) falli brott.
2. Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 71/317/EBE), 5. liðar (tilskipun ráðsins 71/347/EBE), 10. liðar (tilskipun ráðsins 74/148/EBE), 11. liðar (tilskipun ráðsins 75/33/EBE), 17. liðar (tilskipun ráðsins 76/765/EBE), 18. liðar (tilskipun ráðsins 76/766/EBE) og 26. liðar (tilskipun ráðsins 86/217/EBE) falli brott frá og með 1. desember 2015.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/17/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 71, 18.3.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótd. EB L 239, 25.10.1971, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjótd. EB L 202, 6.9.1971, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjótd. EB L 239, 25.10.1971, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjótd. EB L 84, 28.3.1974, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjótd. EB L 14, 20.1.1975, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjótd. EB L 262, 27.9.1976, bls. 143.

<sup>(8)</sup> Stjótd. EB L 262, 27.9.1976, bls. 149.

<sup>(9)</sup> Stjótd. EB L 152, 6.6.1986, bls. 48.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.